













Fastanúmer
------------

Nafn umsækjanda	Kennitala umsækjanda
Heimilisfang	Símanúmer
Netfang	

## Heimild til fornmerkja

Fornmerki mega vera á fornökutækjum sem eru með fyrsta skráningardag 31.12.1988 eða fyrr **Gerð fornmerkja skal vera í samræmi við aldur ökutækis. Sjá nánari leiðbeiningar á bakhlið.**

Gerðir fornmerkja		
<input type="checkbox"/> Bifreið Fyrsta skráning 31.12.1937 eða fyrr  	<input type="checkbox"/> Bifreið Fyrsta skráning 1.1.1938-31.12.1949 	<input type="checkbox"/> Bifreið Fyrsta skráning 1.1.1950-31.12.1988 
<input type="checkbox"/> Létt bifhjól Fyrsta skráning 30.6.1970 eða fyrr 	<input type="checkbox"/> Létt bifhjól Fyrsta skráning 1.7.1970-18.2.1976 	<input type="checkbox"/> Létt bifhjól Fyrsta skráning 19.2.1976-31.12.1988 
<input type="checkbox"/> Þungt bifhjól Fyrsta skráning 31.12.1949 eða fyrr 	<input type="checkbox"/> Þungt bifhjól Fyrsta skráning 1.1.1950-31.12.1988 	<input type="checkbox"/> Dráttarvél Fyrsta skráning 31.12.1988 eða fyrr 

Áletrun fornmerkis má aldrei vera tveir bókstafir og þrjú tölustafir, eða þrjú bókstafir og tveir tölustafir (eins og fastanúmer).

Umsókn um skráningu á fornökutæki:

Ég undirrituð/-að/-aður óska eftir því að ökutækið verði skráð sem fornökutæki og lýsi því yfir að það uppfylli skilyrði um fornökutæki. Fornökutæki er ökutæki sem ekki er ætlað til almennrar notkunar og telst vera safngripur og er eða verður að minnsta kosti 25 ára gamalt á almanaksárinu. Athugið að ökutæki skal hafa lokið aðalskoðun áður en notkunarflokki er breytt.

## Framleiðsla og samþykki fornmerkja

Rétthafi lætur sjálfur framleiða fornmerkin, en áður en heimilt er að setja þau á ökutæki verður að samþykkja þau hjá Samgöngustofu.

Áletrun fornmerkis	Skoðunarstöð sem fornmerkið skal sendast á
Dagsetning	Undirskrift umsækjanda

Ég undirritaður hef kynnt mér þær reglur er gilda um fornmerki og fornökutæki og staðfesti það að ofangreint ökutæki uppfyllir skilyrði þess að bera fornmerki. Ég samþykki, með beiðni (umsókn/eyðublaði) þessari og undirskrift minni, vinnslu og meðferð á þeim upplýsingum sem henni fylgja. Samgöngustofa mun fylgja gildandi lögum og reglum sem um meðferð slíkra upplýsinga gilda.



## Almennar upplýsingar um notkun fornmerkja

**Athygli er vakin á að skoðunartíðni breytist við skráningu ökutækis sem fornþreifreiðar.**

**Heimild til notkunar fornmerkja:** Fornmerki mega vera á þreifreiðum, þungum bifhjólum og dráttarvélum sem eru eða verða 25 ára á almanaksárinu og eldri. Þreifreiðar mega þó aðeins bera fornmerki ef þær uppfylla skilyrði um fornþreifreið og eru skráðar í notkunarflokkinn “fornþreifreið”.

**Notkunarflokkurinn fornþreifreið:** Þreifreið sem ekki er ætluð til almennrar notkunar og telst vera safngripur og er, eða verður, að minnsta kosti 25 ára á almanaksárinu.

**Almennum merkjum skilað inn:** Þegar fornmerki eru afhent á ökutæki skal skila inn almennum merkjum ökutækisins og er þeim fargað.

**Réttur til áletrunar:** Samgöngustofa úthlutar áletrun á fornmerki. Við úthlutun þeirra er farið eftir röð, þannig að sá sem fyrst sækir um áletrun hlýtur réttinn til að nota hana. Áletrun sem er í notkun er ekki úthlutað. Áletrun fornmerkis má aldrei vera tveir bókstafir og þrjú tölustafir, eða þrjú bókstafir og tveir tölustafir (eins og fastanúmer).

**Gerð og útlit fornmerkja:** Fornmerki skal vera í samræmi við þær reglur er giltu um hinar eldri gerðir fornmerkja. Hér að neðan er lýsing á gerð fornmerkis eftir árgerð ökutækja.

**Þreifreið fyrst skráð 31.12.1937 eða fyrr:** Litur: Hvítt letur á svörtum grunni eða svart letur á hvítum grunni. Stærðir: Hæð 120 mm og lengd eftir fjölda stafa.

**Þreifreið fyrst skráð 1.1.1938-31.12.1949:** Merkin skulu vera rétthyrnd, aflöng spjöld, úr 2 mm þykku járn, 112 mm á hæð og lengd eftir fjölda stafa. Stafir skulu vera hvítir, málaðir eða glerjaðir með steinskrift á svartan málaðan eða gleraðan grunn og stærð stafa skal vera þessi: hæð 80 mm, breidd 50 mm og breidd strika 15 mm. Framan við tölurnar skal mála einkennisbókstaf lögsagnarumdæmis og skal vera strik á milli bókstafa og tölustafa sem er 22 mm langt og 12 mm breitt. Bil milli stafa skal vera að minnsta kosti 10 mm.

**Þreifreið fyrst skráð 1.1.1950-31.12.1988:** Merkin skulu vera rétthyrnd, aflöng spjöld, 130 mm á hæð. Stafir skulu vera með steinskrift, þrykkir í spjaldið. Rönd skal vera á brúnum, 5 mm breidd, þrykkir á sama hátt. Stafirnir og röndin skulu vera fægð og bera sama lit málmisins, en grunnur með svartri, gljálausri málningu. Stafir skulu vera 90 mm á hæð, 55 mm á breidd og breidd stafleggja 15 mm. Bil milli tölustafa skal vera 10 mm, en bil milli bókstafa og tölustafa 30 mm. Á stafi og rönd skráningarkerkis er heimilt að setja hvítt glitefni af gerð sem Samgöngustofa viðurkennir.

**Létt bifhjól fyrst skráð 30.6.1970 eða fyrr:** Merki af þessari gerð skulu vera rétthyrnd, aflöng spjöld, með rauðum stöfum á hvítum grunni. Hæð stafa skal vera 40 mm. Framan við tölurnar skal vera einkennisbókstafur lögsagnarumdæmis.

**Létt bifhjól fyrst skráð 1.7.1970-18.2.1976:** Merki af þessari gerð skulu vera rétthyrnd, aflöng spjöld, 70mm á hæð með hvítum stöfum á rauðum grunni. Hæð stafa skal vera 45 mm. Framan við tölurnar skal vera einkennisbókstafur lögsagnarumdæmis.

**Létt bifhjól fyrst skráð 19.2.1976-31.12.1988:** Merki af þessari gerð skulu vera rétthyrnd, aflöng spjöld, 70 mm á hæð og með hvítum, glituðum stöfum á rauðum grunni. Stafir skulu vera með steinskrift, þrykkir í spjaldið og 45 mm á hæð. Framan við tölurnar skal vera einkennisbókstafur lögsagnarumdæmis.

**Þungt bifhjól skráð 31.12.1949 eða fyrr:** Merki af þessari gerð skulu vera rétthyrnd, aflöng spjöld, úr 2 mm þykku járn, 90 mm á hæð og lengd eftir fjölda stafa. Stafir skulu vera hvítir, málaðir eða glerjaðir, með steinskrift á svartan málaðan eða gleraðan grunn. Stærð stafa skal vera þessi: hæð 65 mm, breidd 40 mm og breidd stafleggja 12 mm. Framan við tölurnar skal mála einkennisbókstaf lögsagnarumdæmis og skal vera strik á milli bókstafa og tölustafa sem er 18 mm langt og 10 mm breitt. Bil milli stafa skal vera að minnsta kosti 8 mm.



## Umsókn um fornmerki

**Pung bifhjól fyrst skráð 1.1.1950-31.12.1988:** Merki af þessari gerð skulu vera rétthyrnd, aflöng spjöld, 70 mm á hæð og lengd eftir fjölda stafa. Stafir skulu vera hvítir, með steinskrift á svartan grunn. Stærð stafa skal vera þessi: hæð 50 mm, breidd 30 mm og breidd stafleggja 8 mm. Framan við tölurnar skal vera einkennisbókstafur lögsagnarumdæmis. Bil milli stafa skal vera að minnsta kosti 8 mm.

**Dráttarvélar fyrst skráðar 31.12.1988 eða fyrr:** Merki af þessari gerð skulu vera rétthyrnd, aflöng spjöld, 70 mm á hæð og lengd eftir fjölda stafa. Stafir skulu vera rauðir, með steinskrift á hvítan grunn. Stærð stafa skal vera þessi: hæð 50 mm, breidd 30 mm og breidd stafleggja 8 mm. Framan við tölurnar skal vera einkennisbókstafur lögsagnarumdæmis og bókstafurinn d. Stærð bókstafsins d skal vera: hæð 27 mm, breidd 16 mm og breidd stafleggs 5 mm.

**Framleiðsla og samþykki fornmerkja:** Rétthafi lætur sjálfur framleiða fornmerkin. Áður en heimilt er að afhenda fornmerki á ökutæki verður að framvísa þeim hjá Samgöngustofu þar sem metið er hvort merkin uppfylla settar kröfur. Ef merkin uppfylla kröfur um gerð fornmerkja eru þau skráð á ökutæki. **Merkin eru einungis afhent á skoðunarstofu.**